

Nr. 087 / 09 Andrea II**Strandar við Lundey**

Skipaskr.nr. 2241
Smíðaður: Svíþjóð 1956, stál
Stærð: 38,78 brl. 36 bt.
Mesta lengd: 18,23 m Skráð lengd: 16,28 m
Breidd: 4,50 m Dýpt: 2,95 m
Vél: Volvo Penta 192 kW, 1971
Fjöldi skipverja: 3
Fjöldi farþega: 7

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Andrea II © Hilmar Snorrason


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júlí 2009 var skemmtibáturinn Andrea II á útsýnissiglingu á Kollafirði. Veður: 5-10 m/s. og bjart. Djúprista: 2,8m

Verið var að sýna farþegum fuglalífið við Lundey og siglt á hægri ferð umhverfis eyjuna. Á siglingunni var farið of nálægt grynningum SA af eyjunni með þeim afleiðingum að báturinn strandaði á sandrifi kl. 15:00 á stað, 64°11.117'N og 021°49.294'V.




Andrea II á strandstað © mbl.is/Ómar

Kl. 15:11 þegar ljóst var að ekki var hægt að losa bátinn af strandstað hafði skipstjórinn samband við Vaktstöð siglinga og tilkynnti strandið. Hann tók fram að ekki væri hætt á ferðum og annar skoðunarbátur myndi aðstoða við að losa Andreu II.

Kl. 15:27 voru björgunarbátar þrátt fyrir stöðuna boðaðir út í gulum forgangi og kl. 15:42 var útkallinu breytt í forgangsútkall þegar ljóst var að ekki hafði tekist að draga Andreu II á flot og hún var að leggjast á bakborðshliðina. Kl. 16:05 voru allir farþegarnir komnir um borð í björgunarbátinn Gróu Pétursdóttur og kl. 20:35 tókst að losa Andreu II af strandstað með aðstoð björgunarbáta. Engar skemmdir reyndust vera á Andreu II.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa siglt of grunnt í þessari ferð miðað við aðrar ferðir og það hefðu verið hans mistök. Öll athygli hans var á fuglalífinu. Að sögn vélstjóra, sem var staddur í vélarúminu, var siglt á hægustu ferð;
- að á siglingunni voru í gangi bæði GPS og MacSea siglingatæki með ræfrænum kortum en ekki siglt eftir þeim. Ekki var talin þörf á notkun ratsjár á siglingunni og hún því ekki í gangi;
- að MacSea siglingatæki var í bátnum en það var ekki notað í þetta sinn;



- að ekki lá fyrir ferilskráning fyrir Andreu II í STK kerfi í þessari ferð. Hún hafði komið til hafnar um kl. 13:30 og hafði verið í vöktun í STK kerfi fram að því. Síðasta merki kom frá bátnum kl. 13:37 innan hafnar og hættir þá merkjasending sjálfkrafa á því svæði. Þegar báturinn fór í þessa ferð var STK kerfið ekki í gangi en það var ræst kl. 16:05 og var hann þá á strandstað;
- að skipstjórinn tilkynnti ekki „handvirk“ brottför úr höfn til Vaktstöðvar siglinga. Síðastliðið vor voru settar reglur um að skip skuli ávallt tilkynna brottfarir með talstöð til Vaktstöðvar siglinga.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er aðgæsluleysi við stjórnun bátsins.

Nefndin átelur harðlega að ekki hafi verið kallað eftir aðstoð björgunaraðila fyrr en 27 mínútum eftir að skipið strandaði með farþega innanborðs.

Nefndin bendir skipstjórnarmönnum á að öryggi farþega og áhafnar eigi ávallt að hafa í fyrirrúmi.